

Fréttatilkynning

Reykjavík, 27. maí 2004.

Sláturfélag Suðurlands Afkoma fyrstu þriggja mánaða ársins 2004

Tap samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til mars 2004 var 99,8 milljónir. Árshlutareikningurinn samanstendur nú í fyrsta skipti af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf., dótturfélagi Sláturfélagsins, SS Eignum ehf. og dótturfélagi þess, Reykjagarði hf. Samanburðarfjárhæðir eiga eingöngu við rekstur Sláturfélags Suðurlands en á sama tímabili árið áður var 43,2 milljón króna tap hjá því. Verri afkoma skýrist fyrst og fremst vegna 49 milljón króna hærri fjármagnsgjalda milli ára og afkomu dótturfélaga sem nú eru hluti af samstæðuuppgjöri. Eigið fé Sláturfélagsins er rúmar 1.088 milljónir og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 28%. Lækkun eiginfjárlutfalls samstæðu milli ára skýrist af innkomu dótturfélaga í uppgjörið.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 993 milljónir á fyrstu þrem mánuðum ársins 2004, en 747 milljónir á sama tíma árið áður. Velta samstæðunnar jókst því um tæp 33%, og er aukningin að mestu til kominn vegna innkomu dótturfélaga í samstæðuuppgjörið.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 1.002 milljónum á fyrsta ársfjórðungi ársins 2004 samanborið við 751 milljón árið áður og jukust um rúm 33%. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 58 milljónir og aukast um 55%. Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 67 milljónir, en 42 milljónir króna árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 33 milljónir, en á árinu á undan voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 16 milljónir.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um tæpar 2 milljónir en árið áður um tæpar 17 milljónir. Tap af rekstri tímabilsins var 99,8 milljónir en 43,2 milljónir árið áður.

Veltufé til rekstrar var 36 milljón á fyrstu þrem mánuðum ársins 2004, samanborið við 7 milljónir til rekstrar fyrir sama tímabil árið 2003.

Í lok mars 2004 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 3.893 milljónir og höfðu hækkað um 1.049 milljónir frá áramótum. Skammtímaskuldir voru 1.033 milljónir, langtímaskuldir 1.772 milljónir og eigið fé 1.088 milljónir. Eiginfjárlutfall var 28% í lok mars 2004, en var 42% á sama tíma árið áður. Veltufjárlutfall var 1,3 í lok mars 2004, en 1,1 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir tæpar 21 milljón á fyrstu þrem mánuðum ársins og fyrir 25 milljónir í félögum.

Árshlutauppgjörið er með könnunaráritun endurskoðenda sem og árið áður. Árshlutareikningurinn er nú samstæða Sláturfélags Suðurlands svf. og gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur - Kennitölur í mars 2004 eru reiknaðar út frá samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. en kennitölur frá árinu 2003 og fyrr eiga eingöngu við Sláturfélag Suðurlands svf.

Rekstur	Samstæða					
	2004	2003	2003	2002	2001	2000
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.	jan-mar	jan-mar				
Rekstrartekjur.....	992,5	747,2	3.496,0	3.708,8	3.468,2	3.097,5
Rekstrargjöld án afskrifta.....	1.001,5	751,3	3.286,3	3.488,9	3.251,6	2.794,3
Afskriftir.....	58,2	37,5	154,8	154,4	147,0	136,1
Rekstrarhagnaður (tap).....	(67,2)	(41,6)	54,9	65,5	69,6	167,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(33,2)	16,2	(32,4)	6,1	(124,3)	(68,2)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	(1,7)	(16,6)	(57,4)	(45,0)	1,9	1,4
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	(102,1)	(42,0)	(34,9)	26,6	(52,8)	100,3
Tekju- og eignarskattur.....	2,3	(1,2)	(2,6)	(7,6)	(5,8)	(9,8)
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	(99,8)	(43,2)	(37,5)	19,0	(58,6)	90,5
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	(35,9)	(6,9)	189,0	171,3	159,7	269,5
Efnahagur	31.3.2004	31.3.2003	2003	2002	2001	2000
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.						
Fastafjármunir.....	2.592,5	1.778,2	1.775,3	1.804,2	1.764,9	1.586,0
Veltufjármunir.....	1.300,9	1.034,0	1.069,4	1.127,6	1.159,8	935,0
Eignir samtals.....	3.893,4	2.812,2	2.844,7	2.931,8	2.924,7	2.521,0
Eigið fé.....	1.088,0	1.182,4	1.189,8	1.216,7	1.184,6	1.179,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs.....	407,1	407,5	409,1	411,2	419,3	410,6
Langtímaskuldir.....	1.772,0	660,7	906,8	864,3	845,5	867,7
Skammttímaskuldir.....	1.033,4	969,1	748,1	850,8	894,6	473,5
Skuldir samtals.....	2.805,4	1.629,8	1.654,9	1.715,1	1.740,1	1.341,2
Kennitölur						
Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	(10,1%)	(5,8%)	(1,1%)	0,5%	(1,7%)	2,9%
Veltufjárhlutfall.....	1,3	1,1	1,4	1,3	1,3	2,0
Eiginfjárhlutfall.....	28%	42%	42%	42%	41%	47%
Innra virði.....	2,7	2,9	2,9	3,0	2,8	2,9
Arðsemi eigin fjár.....	(35%)	(14%)	(3%)	2%	(5%)	8%

Horfur

Afkomu félagsins á fyrstu þremur mánuðum ársins 2004 var óviðunandi og einkenndist af verðsamkeppni og offramboði á kjöti á markaðnum sem hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Afkomu Sláturfélagsins hefur jafnan verið þyngst framan af árinu en best á síðasta ársfjórðungi. Þetta stafar m.a. af afkomu afurðadeildar en umsvif hennar aukast við haustslátrun sauðfjár.

Aðhaldi verður áfram beitt í rekstri félagsins, en gripið hefur verið til þess að draga úr útgjöldum auk þess sem fjárfestingar hafa verið dregnar saman.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000
Reykjavík, 27. maí 2004
Sláturfélag Suðurlands svf.